Starfsáætlun Hafnarsjóðs Fjallabyggðar með fjárhagsáætlun 2015
og áætlun 2016 – 2018
Málaflokkur 41

Fjallabyggð

Með starfsáætlun er tilvísun í fundargerð hafnarstjórnar

Yfirhafnarvörður
Þorbjörn Sigurðsson

Sigurður Valur Ásbjarnarson
hafnarstjóri Fjallabyggðar

Niðurstöður funda Hafnarstjórnar er varðar fjárhagsáætlun 2015 – 2018.

Hafnarstjórn Fjallabyggðar
Ólafur Haukur Kárason, formaður, S lista
Ragnheiður H Ragnarsdóttir, varaformaður, F lista
Gunnlaugur Oddsson, aðalmaður, F lista
Ásgeir Logi Ásgeirsson, aðalmaður, D lista
Sverrir Sveinsson, áheyrnarfulltrúi, B lista
Helga Helgadóttir, varamaður, D lista
Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri
Þorbjörn Sigurðsson, yfirhafnarvörður

62. fundur Hafnarstjórnar Fjallabyggðar
haldinn í Ráðhúsi Fjallabyggðar, Gránugötu 24, Siglufirði
6. nóvember 2014 og hófst hann kl. 17:00.

Fyrir var tekið og samþykkt:

1. 1409086 - Framlag hafnarnefndar til markaðssetningar 2015

- Áætlað er til markaðssetningar 1.0 m.kr.
- Áætlaðar tekjur eru vegna farþegaskipa um 1.0 m.kr.
- Áætlaðar tekjur vegna skipakomu um 3.0 m.kr.

2. 1401026 - Ferðastefna Fjallabyggðar
Drög að ferðastefnu Fjallabyggðar var lögð fram til kynningar. í

- Hafnarstjórn gerir ekki ráð fyrir fjármagni á árinu 2015 er þetta verkefni varðar.
- Hafnarstjórn telur æskilegt að taka þátt í næstu Sjávarútvegssýningu, með fyrirtækjum bæjarfélagsins, sem haldin verður á árinu 2017.

3. 1410013 - Fjárlög til hafnaframkvæmda og hafnalög
Lagðar voru fram upplýsingar til stjórnar Hafnasambands Íslands er varðar framlög til hafnarframkvæmda í fjárlögum frá Alþingi fyrir árið 2015.

- Hafnarstjórn Fjallabyggðar hvetur Alþingi til að taka til endurskoðunar fjárveitingar til verkefna á sviði hafnarmála á árinu 2015.

4. 1410017 - Fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018 - Umsóknir vegna verkefna í hafnargerð og sjóvörnum

- Hafnarstjórn leggur áherslu á að endurnýjun Hafnarbryggju fari fram á næstu árum sem og framkvæmdir við stálþil og kant við innri höfnina á Siglufirði.
- Áætlaður kostnaður getur verið um 600 m.kr. fyrir Hafnarbryggju
- Áætlaður kostnaður við innri höfnina er um 330 m.kr.
- Áætlaður kostnaður við kant á loðnubryggju á Ólafsfirði er áætlaður um 45 m.kr.
- Hafnarstjórn leggur áherslu á að Hafnarbryggja verði tekin inn í samgönguáætlun 2015 -2018.
- Fram hefur komið hjá hafnarstjórn að hlutur bæjarfélagsins gæti verið um 90 m.kr. og er það tillaga hafnarstjórnar að lán verði tekið til framkvæmda um leið og fjármagn er tryggt frá ríkinu.

5. 1401114 - Flotbryggjur

- Hafnarstjórn telur rétt og tímabært að endurnýja flotbryggjuna í Ólafsfirði.
- Hafnarstjórn leggur til að keyptar verði tvær 20 m einingar með 16 st. festipollum á flotbryggjur, tenglastólpum og landgangi.
- Áætlaður kostnaður er um 16.6 m.kr.

7. 1405039 - Umhverfisátak 2014

Lagðar fram upplýsingar um tilboð í myndavélakerfi fyrir höfnina á Ólafsfirði og er lagt til að tilboðinu verði tekið.

- Hafnarstjórn leggur til að myndavélakerfi fyrir höfnina í Ólafsfirði verði keyptur og settur upp á árinu 2015 og fylgi fjárhagsáætlun þess árs.
- Áætlaður kostnaður er um 1.5 m.kr.
- Hafnarstjórn leggur til að lagæringa og nýtengingar fyrir vatn og rafmagn á Hafnarbryggju Siglufirði.
- Áætlaður kostnaður er 4.0 m.kr.

63. fundur Hafnarstjórnar Fjallabyggðar
haldinn í Ráðhúsi Fjallabyggðar, Gránugötu 24, Siglufirði
20. nóvember 2014 og hófst hann kl. 17:00.

Lögð fram drög að starfsáætlun og forsendur fyrir áætlunargerð fyrir árið 2015.

Neðanritað var fært til bóka.

Tillaga að rekstri hafna var samþykkur með áorðnum breytingum.

Í ramma var gert ráð fyrir því að útkoman yrði kr.

Viðbætur hafnarstjórnar og hafnarstjóra.

1. Markaðssetning er hækkuð um 0.5 m.kr.
2. Tekjur vegna ferðamanna er hækkað um 1.0 m.kr.

Við yfirferð og ákvarðanir hafnarstjórnar er lagt til að útkoman verði kr.

Tillaga að fjárfestingum á árinu 2015 var samþykkt.

Í ramma var gert ráð fyrir 25.0 m.kr.

1. **Tillaga er gerð um kaup á flotbryggju 16.6 m.kr.**
2. **Tillaga er gerð um kaup á myndavélakerfi 1.5 m.kr.**
3. **Tillaga er gerð um kaup á búnaði til að afgreiða rafmagn og vatn um 4.0 m.kr.**
4. **Tillaga er gerð til tækja og búnaðarkaupa um 2.9 m.kr.**

Til umræðu kom þar fram m.a.

1. Frágangi við flotbryggjur.
2. Sett verði upp læst hlið inn á flotbryggjur.
3. Umhverfið verði lagfært.
4. Athuga þarf með lýsingu hafnarsvæða.
5. Tekið verði frá fjármagn til hönnunar og endurbyggingar á Hafnarbryggju.

Lögð er áhersla á neðanritað.

1. Siglufjarðarhöfn er aðalhöfn Fjallabyggðar.
2. Ólafsfjarðarhöfn verði viðhaldið sem leguhöfn og smábátahöfn.
3. Hafnarbryggja á Siglufirði verði lagfærð í áföngum.
4. Núverandi hafnarsvæði verði tekin til skoðunar og skipulagningar í tengslum við mikla ferðaþjónustu og áhuga á hafnarsvæðum bæjarfélagsins.
5. Hafnarstjórn leggur áherslu á að styrkja ímynd Fjallabyggðar sem útgerðarbæjar.

Hafnarstjórn samþykkir framkomnar tillögur í rekstri og fjárfestingum samhljóða.

Sigurður Valur Ásbjarnarson, hafnarstjóri.

Stálfingur og flotbryggja:
Fingur úr heithúðu stáli með timburdekki eða álgrindum. Vinsælustu fingur eru VIKING 0.6m breiðir og 6 eða 8m langir.


8m fingur með 2 x 400ltr flotkubbum í Norðurbug, Reykjavíkurhöfn

Á mynd af VIKING 8m fingrum má sjá 4 x 400 lítra flotkubba sem eru á báðum endum fingurs en með því næst burðargeta að hægt sé að fara út á enda fingurs án þess að hann sökkvi. Flotkubbur næst flotbryggju er æskilegur til að taka þyngd af fingri sem leggst annars á flotbryggju og t.d. skekkir legu einingarinnar einkum er fingur eru ekki á/við báðar hliðar.

Dæmi um verð:
Steyptur fingur Heild, eining 3.372.900


VIKING 0.6 x 8m	1 x 400 lítra flotkubbur	526.600
"	2 x 400 lítra flotkubur	550.700
"	3 x 400 líra flotkubbur	667.700

VIKING fingur eru með 2 sterkum burðarkjálkum eftir lengd fingurs. "Y" hluti er með sama
styrk en allt stál sem snýr að bátum er klætt með PE plastfóðringu. Dekkklæðning er gagnvarinn viður en val er um net úr áli. Festingar við kantlista á flotbryggju eru með plastfóðringum sem draga úr sliti og eyða hjóði frá nuddi stál við stál. Endar eru með PE stuðara sem vörn fyrir báta þegar lagt er að fingrum.

VIKING fingur 8 m.


Dekk er heilklætt með gagngvörðum við. Flotholt 2 x 400 lítra sem jafnar út þyngd fingurs. Festingar (augu) eru 3 á hvorri hlið.

Teikning af flotbryggju í Ólafsfirði



1. STARFSÁÆTLUN HAFNARSJÓÐS OG FJÁRHAGSÁÆTLUN 2015

Hafnarsjóður

Vísað er í sveitarstjórnarlög nr. 45, 3. júní 1998.

VI. kafli. Fjármál sveitarfélaga.

Fyrir lok ársins skal hafnarstjórn gera fjárhagsáætlun fyrir hafnarsjóð.
Fjárhagsáætlun samkvæmt þessari grein skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn hafnarsjóðs á viðkomandi reikningsári.
Við gerð fjárhagsáætlunar skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu hafnarsjóðs.
Hafnarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er, að heildarútgjöld fari ekki fram úr heildartekjum.
Fjárhagsáætlun skal rædd á tveimur fundum hafnarstjórnar.
Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um fjárhag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings.

63.gr. Þriggja ára áætlun.

Til viðbótar fjárhagsáætlun skv. 61.gr. skal hafnarstjórn árlega semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál. Áætlunin skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir og skal hún unnin og afgreidd af hafnarstjórn í tengslum við áætlunargerð sveitarstjórnar.

Inngangur

Fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2015 er unnin sem rammafjárhagsáætlun. Úthlutað var fjárhagsramma sem tekur mið af áætluðum tekjum hafnarsjóðs.
Í fjárhagsáætlunarferli Fjallabyggðar fer fram skoðun á útgjaldaramma og tekjum bæjarfélagsins.

Hafnarstjóri, yfirhafnarvörður og hafnarstjórn fylla út rammann og forgangsraða verkefnum í samræmi við fjárhagslegt svigrúm. Með því er verið að leggja áherslu á ábyrgð hafnarstjórnar á fjárhags- og starfsáætlun.
Bæjarstjórn og hafnarstjórn og síðan hafnarstjóra er ætlað að ganga frá starfsáætlun og tillögum í frumvarp að fjárhagsáætlun á grundvelli stefnu og forgangsröðunar hafnarstjórnar með samþykki bæjarstjórnar.

Starfsáætlun fyrir árið 2015 er ætlað að fjallað um hlutverk, helstu starfsþætti og umfang.

Markmiðið með rammafjárhagsáætlun er að skila betri árangri í rekstri bæjarfélagsins. Komi í ljós að útgjöldin eru að stefna fram úr áætlun ber stjórnendum að bregðast við. Mánaðarlega verður yfirlit um rekstur og framkvæmdir ásamt frávikagreiningu frá fjárhagsáætlun lagt fyrir hafnarstjórn.

Fjárhagsáætlun var undirbúin í október og nóvember og verður til umfjöllunar í desember 2012 og mun ásamt þriggja ára áætlun verða samþykkt fyrir árslok.

2. FJÁRHAGSÁÆTLUNARFERLI

Helstu markmið rammafjárhagsáætlunar Fjallabyggðar

Að rekstrarútgjöld grundvallist á fyrirsjáanlegum tekjum.
Að veltufé frá rekstri verði aukið næstu þrjú árin.
Að ákvarðanataka sé eins nálægt notendum þjónustu og við verður komið.
Að ábyrgðarmörk starfsmanna séu skýr.
Að forstöðumenn og fagnefndir hafi athafnafrelsi innan málaflokks.

Lýsing á fjárhagsáætlunarferlinu

a) Hafnarstjóri áætlar ráðstöfunarfé.

b) Hafnarstjóri og deildarstjóri stjósnsýslu og fjármála skipta áætluðu ráðstöfunarfjármagni næsta árs milli rekstrar og fjárfestinga. Rekstrarfénu er skipt á milli einstakra málaflokka . Skiptingin ræðst af áætluðu ráðstöfunarfjármagni, útgjaldaþróun undanfarinna ára, fjárhagsramma yfirstandandi árs og reynslu, breytingum sem orðið hafa og fyrirsjáanlegar eru á rekstrarforsendum, stefnu og áherslum hafnarstjórnar. Öll rekstrargjöld sem falla undir málaflokkinn eru innan fjárhagsrammans.

c) Hafnarstjóri vinnur í samráði við yfirhafnarvörð starfsáætlanir sem byggja á fjárhagsrömmum sem úthlutað er til málaflokkanna. Starfsáætlun er skilgreining á því hvernig rekstri málaflokks verði háttað innan þess fjárhagsramma sem úthlutað er til hans. Hafnarstjórn ræðir tillögur hafnarstjóra en vísar þeim til umræðu og afgreiðslu í bæjarráði. Hafnarstjóri og yfirhafnarvörður hafa þar með svigrúm til ákvarðana innan rammans, en verða að fá samþykki hafnarstjórnar og bæjarráðs fyrir breytingum, t.d. á gjaldskrám og þjónustustigi. Bæjarráð fjallar um starfsáætlanir í einstökum málaflokkum og getur óskað eftir að starfsáætlun sé endurunnin og/eða veitt meira fé í rammann, séu fyrir því gild rök.

d) Hafnarstjóri leggur fyrir hafnarstjórn mánaðarlega yfirlit um rekstrarstöðu málaflokka.

Fjárhagsáætlunarferlið – skilgreining á hlutverkum

Hafnarstjórn

- Mótar pólitíska stefnu sem fjárhagsáætlun grundvallast á.
- Fjallar um fjárhagsáætlun á tveimur fundum.
- Samþykkir fjárhags- og starfsáætlanir.
- Ræðir tillögur um allar nýframkvæmdir.
- Samþykkir skiptingu rekstrarfjármagns fyrir einstaka málaflokka.
- Afgreiðir fjárhagsáætlun til fyrri umræðu í bæjarstjórn og breytingartillögur til síðari umræðu.
- Vinnur að stefnumótun og forgangsröðun málaflokka.
- Vinnur innan þess fjárhagsramma sem úthlutað er til málaflokks.
- Vinnur með hafnarstjóra að gerð starfs- og fjárhagsáætlunar og forgangsraðar verkefnum.
- Hefur eftirlit með starfsemi málaflokks og að starfsáætlun sé fylgt.

Hafnarstjóri

- Ber ábyrgð á undirbúningi fjárhagsáætlunar.
- Skiptir áætluðum tekjum fjárhagsársins milli rekstrargjalda og fjárfestinga og leggur fyrir hafnarstjórn.
- Gerir tillögur um skiptingu rekstrarfjár til einstakra málaflokka og leggur fyrir bæjarráð
- Vinnur að gerð fjárhags- og starfsáætlunar í samvinnu við fagnefnd og skiptir fjárhagsramma málaflokks milli rekstrareininga.
- Leggur starfs- og fjárhagsáætlun fyrir hafnarstjórn.
- Ber ábyrgð á því að starfsemi málaflokksins sé innan þess ramma sem út var deilt og í samræmi við samþykkta starfsáætlun.
- Áætlar skatttekjur og aðrar tekjur bæjarsjóðs á fjárhagsárinu og gengur frá yfirliti yfir helstu forsendur varðandi þróun kaupgjalds og verðlags.
- Fer í samvinnu við launadeild yfir útreikninga á launabreytingum skv. kjarasamningum og leggur mat á hvort þær séu réttar.
- Leggur einu sinni í mánuði fyrir bæjarráð yfirlit yfir rekstrarstöðu málaflokka í samanburði við fjárhagsáætlun ásamt greiningu á frávikum.
- Fer yfir fjárhags- og starfsáætlanir málaflokka og samræmir alla framsetningu.
- Annast frágang á starfs- og fjárhagsáætlun, framsetningu og útgáfu.

Starfsáætlun

Starfsáætlun er greinargerð hafnarstjóra um það hvernig áformað er að reka málaflokkinn innan þess fjárhagsramma sem ákveðinn hefur verið fyrir rekstur næsta árs. Starfsáætlun fjallar um rekstur og umfang málaflokksins á yfirstandandi ári. Jafnframt lýsir hún þeim magnbreytingum sem áætlað er að verði í rekstrinum á næsta

ári og þeim aðgerðum sem gerðar verða til að rekstrarkostnaður haldist innan fjárhagsrammans.
Þá inniheldur hún spá til næstu þriggja ára um fyrirhugaðan rekstrarkostnað.

Í starfsáætlunum er m.a. gert grein fyrir eftirfarandi:

Viðhald skv. verkáætlun.
Deildarstjóri tæknideildar gerir áætlun um viðhald samkvæmt verkáætlun í samráði við hafnarstjóra og yfirhafnarvörð og hefur einnig umsjón með og ber ábyrgð á útgjöldum þess vegna. Honum er ekki heimilt að færa viðhaldsfé milli málaflokka.

Tilfallandi viðhald.
Yfirhafnarvörður ber ábyrgð á og hefur umsjón með þessum útgjöldum.

Starfsmannamál.
Í starfsmannahaldi ber að fara að ráðningarsamningum, kjarasamningum, reglum um réttindi og skyldur BSRB, lögum, tilskipunum ESB á sviði vinnuréttar og vinnumarkaðsmála, jafnréttisáætlun, starfsmannastefnu og samþykktum Fjallabyggðar.

Breyttar launaforsendur

Búið er að gera ráð fyrir launabreytingum fyrir árið 2015.

3. AÐRAR FORSENDUR

Við gerð ramma fyrir fjárhagsáætlun 2013 er nú vísað til starfsáætlana og vinnu hafnarstjórnar, sjá fundargerðir hér að framan. Vísað er einnig í fundargerðir bæjarráðs 362. Fundar og **363. fundur bæjarráðs Fjallabyggðar**

Helstu áherslur sem komu þar fram og komu til skoðunar í hafnarstjórn voru:

1. Að rekstur taki mið af tekjum.
2. Að rekstrarniðurstaðan verði jákvæð .
3. Að veltufé frá rekstri hækki á milli ára og verði um 15%.
4. Að fjármögnunarhreyfingar miðist við greiðslu niður skuldir
5. Að lántaka komi til greina við endurbyggingu Hafnarbryggju.
6. Að til fjárfestinga verði varið um 25 m.kr.

Hafnarstjóri og hafnarstjórn tók til skoðunar:

1. Stöðugildi og mannahald.
2. Farið var yfir allan rekstur, sjá málaflokkayfirlit.
3. Gerðar voru tillögur til hagræðinga.

4. Tillaga að gjáldskrá var samþykkt í bæjarráði og staðfest í hafnarstjórn.
5. Stuðst verður við 25 m.kr. fjárfestingar/eignabreytingar á árunum 2016 – 2018 og þeim forgangsraðað. Sjá þó bókun um Hafnarbryggju.

4. Staða verkefna og áherslur hafnarstjórnar fyrir næstu ár.

- Fegrun hafnarsvæðisins er sett í forgang.
- Öryggismálum hafnarinnar verði ávalt sinnt - forgangsverkefni.
- Höfnin verði markaðssett og skipulagt til framtíðar.
- Rekstur hafnarinnar taki mið af aðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn og skemmtibáta.
- Lögð verði áhersla á góða þjónustu og gott viðmót hafnarvarða.

41. Hafnarsjóður fjárfestingar

Lögð er áhersla á að fá fram niðurstöðu er varðar framkvæmdir við Hafnarbryggju á Siglufirði.
Hafnarstjórn leggur hins vegar áherslu á og samþykkir tillögur bæjarráðs um fé til framkvæmda á árunum 2016 – 2018, hér er vísað í tillögur í ramma.

Niðurstaða.

Tekjur eru hækkaðar frá rauntekjum ársins en samþykkt var að gjaldskrá fylgi verðlagshækkunum.
Meðfylgjandi er gjaldskrá hafnarsjóðs sem þarf að staðfesta.

Forsendur í ramma gerðu ráð fyrir að niðurstaðan yrði um 9.7 m.kr., en tillagan gerir ráð fyrir að hún verði um 12.7 m.kr.

Fjallabyggð 15.11.2014.

Sigurður Valur Ásbjarnarson
Hafnarstjóri